

Reykjavík 25. nóvember 2013

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940, með síðari breytingum (mismunun á grundvelli kynvitundar og viðbótarbókun við samning Evrópuráðsins um tölvubrot). Þingskjal 112 — 109. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

Barnaheill - Save the Children á Íslandi telja þær breytingar á almennum hegningarlögum sem lagðar eru til í frumvarpinu, vera tímabærar og til mikilla bóta.

Þó að rannsóknir hér á landi á högum barna í þeim aðstæðum sem hér um ræðir séu skammt á veg komnar er ljóst að einstaklingar á barnsaldri geta upplifað mikla vanlíðan vegna kynvitundar og viðhorfa sem birtast í umhverfinu hvað þetta snertir. Nokkrar ritgerðir háskólanema sem gerðar hafa verið um grunnskólann staðfesta þetta. Almenn gildir að það er alvarlegt ef háð, rógur og mismunun birtist í umhverfi þessara einstaklinga, slíkt getur valdið vanlíðan og skaðað þá og aðstandendur þeirra.

Í athugasemdum með frumvarpinu er rætt um tilmæli ráðherra nefndar Evrópuráðsins til aðildarríkja um aðferðir til að berjast gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynvitundar, í kafla 3.2.1. Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka undir tilmæli ráðherra nefndarinnar um að aðildarríkin taki löggjöf sína til sérstakrar skoðunar með það að markmiði að skoða hvort þar sé að finna beina eða óbeina mismunun á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar og lagfæra ef svo er. Samtökin vilja í því sambandi sérstaklega hvetja til þess að lög sem varða börn með beinum hætti, svo sem Barnalög, Barnaverndarlög, lög um grunnskóla og lög um framhaldsskóla, verði höfð í huga við slíka skoðun. Mikilvægt er að gera þær breytingar á lögum sem lagt er til í frumvarpi þessu í samræmi við tilmælin og jafnframt er mikilvægt að halda vakandi auga yfir lögum og mögulegri beinni eða óbeinni mismunun sem þau í raun geta falið í sér og í framkvæmd þeirra.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vilja koma á framfæri alvarlegri athugasemd við orðalag það sem notað er í lögum um transfólk, m.a. í lögum nr. 57/2012 sem fjallað er um í frumvarpi því sem hér er til umsagnar, en víða er að finna orðin „kynáttunargvandi“ og „röskun“ um hagi transfólks og skilgreiningar á hugtakinu transfólk. Samtökin telja mikilvægt að staða transfólks sé ekki sjúkdómsvædd og hvetja því til þess að orðalagi þessu verði breytt, þannig að það samrýmist mannlegri reisn og sé í samræmi við breytt viðhorf samfélagsins. Telja verður að eðlilegast sé að notast við orðið transfólk án annarra skýringa.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri